

Bstj. 3. maí 2011

### **3. mál Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um endurbætur útvistarsvæða**

**Gísli Marteinn Baldursson:** Forseti, ágæta borgarstjórn. Ég mæli hér fyrir tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um endurbætur útvistarsvæða.

Tillagan hljómar svo:

Borgarstjórn samþykkir að farið verði í samstarf við hönnuði, arkitekta og borgarbúa þar sem útvistarsvæði borgarinnar verði bætt með það að leiðarljósi að þau verði nýtt betur af borgarbúum. Leitast verði við að halda kostnaði í lágmarki þar sem borgarbúar fái tækifæri til þess að leggja sitt af mörkum til þess að fegra nærumhverfi sitt og auka notagildi útvistarsvæðanna.

Og þessu fylgir greinargerð sem er mjög stutt og ég ætla að lesa:

Í kjölfar efnahagshruns hafa íbúar borgarinnar í auknum mæli farið að horfa til nærumhverfis síns og hvernig megi bæta það. Reykjavíkurborg er rík af útvistarsvæðum en vel er hægt að nýta þau betur. Lagt er til að nýtt sé fagþekking hönnuða og arkitekta sem í samstarfi við borgarbúa leggi fram tillögur að því hvernig bæta megi útvistarsvæðin. Vísað er í sambærileg verkefni erlendis þar sem íbúar, hönnuðir og arkitektar fá með þessu móti tækifæri til þess að hafa áhrif á sitt nærumhverfi og leggja fram vinnu sína í þágu samfélagsins. Verkefni sem þetta þarf alls ekki að vera kostnaðarsamt þar sem lagt verður upp með að endurnýta eins mikið og mögulegt er og fá einkaaðila að verkefninu. Með því að fá borgarbúa með í verkefnið þá verða útvistarsvæðin endurskilgreind með þarfir þeirra í huga sem á endanum skilar sér í auðugra borgarlífi og auknum lífsgæðum borgarbúa.

Þá lýkur lestrinum á þessari greinargerð. Nú þetta skýrir sig auðvitað að nokkru leyti sjálft en það var mjög ánægjulegt við lestur Ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar að sjá að fleiri hafa komið auga á það að hér má gera bragarbót. Því að á nokkrum stöðum í skýrslunni er nákvæmlega minnst á skortinn á því sem að við erum hér að leggja til, þ.e.a.s. að hér sé mótuð einhver heildstæð stefna um þessi útvistarsvæði, þau séu betur nýtt og þar fram eftir götunum. Og ég vísa í ferðamálastefnuna, þar segir á blaðsíðu 25 undir heilsborginni: „Skortur er á fjölbreytni í vörupróun auk þess sem græn svæði í og við borgina eru hvorki nægilega aðgengileg né vel kynnt.“ Og þetta er bara eins og skrifað beint upp úr þessari tillögu sem við erum að flytja hér.

Og það kemur líka fram á blaðsíðu 27 þegar að lagðar eru til aðgerðir:

Bstj. 3. maí 2011

Samkeppni verði um skipulag náttúruleikvalla á útivistarsvæðum borgarinnar með það í huga að þau verði m.a. gerð barnvænni með leiktækjum og landmótun sem vísar í sérstöðu og náttúru landsins og útivistarsvæði borgarinnar verði mun betur kynnt fyrir ferðamönnum.

Þannig að hér er um að ræða í rauninni tillögu sem að er algjörlega samhljóma því sem hérna kemur fram í ferðamálastefnunni og ég held reyndar að ekki geti verið neinn pólitískur ágreiningur um. En það er hins vegar rétt, sem að ýmsir borgarfulltrúar vilja væntanlega rjúka upp í pontu til að benda mér og öðrum á, að það er auðvitað verið að vinna víða í kerfinu að svona svipuðum málum. Ég held þó að ekkert af þeirri vinnu eða engin þeirrar vinnu gangi út á það að búa til svona heildarstefnu eða að einhver ákveðinn aðili hafi yfirumsjón með því sem verið er að vinna.

Og til dæmis í hverfisráði Vesturbæjar, þar sem að ég sit, að þar eru við að reyna að vinna þetta eins mikið og við getum í samstarfi við íbúana, sem að ég held að sé ákaflega góð leið, þar sem að við reynum að hvetja til frumkvæðis frá íbúunum og koma síðan til móts við þau og hjálpa þeim að gera garðana fræga. Og þetta hefur gengið hvað best á Lynghagaróló þar sem að vináttufélag Lynghagarólós Grímur hefur gert nákvæmlega þetta a.m.k. tvö önnur slík eru í farvatninu. Hugmyndin er sem sagt að við komum þessu í einhvern farveg hér í borgarstjórn og við samþykkjum tillöguna. En auðvitað mun eitthvert ráð sem kannski væri eðlilegast að væri umhverfis- og samgönguráð hafa svona yfirumsjón með þessu, reyna að deila þessu út til hverfisráðanna eftir atvikum eða fara yfir heildarstöðuna í þessu. Velta fyrir sér hvort að leiksvæðin eigi að vera stærrí og færri, eins og sumir vilja eða áfram jafn mörg og þau eru og þá minni sem að margir vilja líka, því að þau eru þá eðli málsins samkvæmt nær húsunum og krakkarnir geta fyrr farið ein út á leiksvæðin.

Nú, ég nefni líka hérna í framhjálaupi hugmyndir sem hafa komið upp á ýmsum ráðstefnum sem ég hef verið á sem hafa verið haldnar af fólki úti í bæ ef svo má segja og ég veit reyndar að borgarstjóri hefur verið með svipaðar hugmyndir, að það er að nýta þessi svæði betur. Hvort að ekki megi á ákveðnum stöðum bjóða fólkinu í nágrenninu upp á matjurtagarða sem væru þá bara í auglýsni við íbúðir þeirra. Jafnvel að skilgreina þannig að á þessum leikvelli þá sé kannski

Bstj. 3. maí 2011

berjagarður eða einhvers konar aðrar nytjaplöntur og við séum með eplatré víðar eða hindberjarunna eða eitthvað slíkt. Allt þetta væri hægt að skoða svona í heildarsamhenginu og reyna síðan að örva frumkvæði íbúana út í hverfunum, þannig að þeir átti sig á því að við erum hérna til þess að styrkja þeirra frumkvæði og við getum jafnvel lagt til fólk af okkar góðu sviðum, eins og til dæmis skipulagsviði til þess að hjálpa þeim við hönnun eða umhverfis- og samgöngusviði þar sem að eru landslagsarkitektar, til þess að leggja lóð á vogarskálarnar.

Ég ætla ekki að hafa neitt lengra mál um þetta ágæti forseti. Þetta vona ég að sé tillaga sem að menn taki vel. Ég held að við vitum öll að það er kominn tími á það að við svona nýtum þetta aðeins betur. Það er ýmislegt í gangi sem að horfir í þessa átt, en ég held að það sé full ástæða til að taka það saman nákvæmlega hvað er verið að gera, reka á eftir sumum starfshópum eða reyna að setja þá undir einn hatt þannig að við fáum niðurstöðu sem allra fyrst í þessu og getum farið að hjálpa íbúunum að koma þessum frábæru útivistarsvæðum okkar í það horf sem að þeir vilja sjá.

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Gísli Marteinn Baldursson lokið máli sínu. Næstur á mælendaskrá er borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson.

### 3. mál Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um endurbætur útivistarsvæða

**Dagur B. Eggertsson:** Forseti, ágæta borgarstjórn. Ég vil byrja á því að þakka borgarfulltrúum Sjálfstæðisflokks fyrir að taka upp málefni útivistarsvæða sem hafa verið töluvert til umfjöllunar hér í borgarstjórn að undanfögnu og á undanfögnu mánuðum. Þessi tillaga er nokkuð umdeild innan meirihlutans, þ.e.a.s. við þurftum að ræða það svolítið fyrir þennan fund nákvæmlega um hvað hún fjallaði. Ekki það að neinum litist illa á hana heldur fannst okkur hún nokkuð almenn og opin sem getur verið kostur. En ástæðan fyrir þeirri umræðu var að það eru eins og raunar kom fram í máli borgarfulltrúans töluvert mörg verkefni sem þessu tengjast þegar í farvegi. Nú tillagan fjallar um samstarf við hönnuði, arkitekta og borgarbúa við að bæta útivistarsvæðin. En ræða borgarfulltrúans fjallaði um heildarstefnu í málefnum útivistarsvæða. Þannig að þar bættist nú ein víddin eiginlega við.

Vegna þess að slík stefna, það hafa verið gerðar atrennur að slíkri stefnu a.m.k. nokkrum sinnum og farið í umfangsmikil samráðsverkefni varðandi útfærslu Klambratúns og margra annarra útivistarsvæða á undanfögnu árum og ýmsir sem hafa talið að það vantaði fyrst og fremst að koma þeim ágætu hugmyndum sem þegar liggja fyrir til framkvæmda. Allavega er það þannig að á framkvæmdaáætlun yfirstandandi árs sem kynnt hefur verið m.a. í umhverfis- og samgönguráði; leikvellir, torg og opin svæði – alls 200 milljónir.

Að þá á að fara í töluvert mikið af útivistarsvæðum og sérstakt átak í framkvæmdum á leikvöllum var auðvitað líka í fyrra. Og af þeim mætti nefna gæsluvöllinn við Fannafold, Freyjugötu, Granaskjól, Hólmgarð, Jórufell, Ljósheima og Reykás. En útivistarsvæði í svona hefðbundnum skilningi eru líka sannarlega á dagskrá. Það á að gera nýtt útivistarsvæði og almenningsvæði á Alþingisreitnum, þar sem að núna er fornleifauppgröftur, í sumar í samstarfi við þingið. Austurstræti verður göngugata. Austurvöllur fær nýja lýsingu. Bernhöftstorfan fær aðeins andlitslyftingu og það er eitt svokallaðra „þar til verkefna“ eða „meanwhile-verkefna“ eins og þau eru nefnd upp á ensku, þ.e.a.s. að þar á að gera gangskör eða smáskurk í að gera skemmtilega hluti, aðeins lyfta

Bstj. 3. maí 2011

andliti viðkomandi svæða án þess að vera með þann metnað eða vera að fara í dýra hönnun eða dýr efniskaup til þess að glæða borgina meira lífi. Og svona „þar til verkefni“ verða í gangi um alla borg. Á Ingólfstorgi verða slík verkefni. Á Lækjartorgi. Á markaðstorgum sem nefnd eru í stefnumótun eða nýjum reglum öllu heldur um götu- og torgsölu á að fara í slík verkefni og eins út í hverfunum.

Það er gert ráð fyrir því í framkvæmdaáætlun að það verði gerð sérstök úttekt á lítið notuðum svæðum í úthverfum og greina hvernig gengur með þessi „þar til verkefni“. Þau eiga líka að ná til torga í Þingholtunum, eins og raunar síðasta sumar. En hvað eru þessi „þar til verkefni“. Jú, „þar til verkefni“ eru létt og skapandi verkefni eru létt og skapandi verkefni sérstaklega fallin til að glæða illa nýtt almenningsrými í borginni lífi. Og þá er ekki bara verið að tala um þessi útivistarsvæði heldur í raun götur og torg líka. Því að það er kannski svolítið gamaldags að hugsa bara um grænusvæðin, grænu blettina okkar sem útivistarsvæði því að langmest útivist í borginni fer auðvitað fram á gangstéttum, á götum og torgum alls staðar þar sem að fólk er og það eru kannski áhugaverðustu erlendu dæmin sem við höfum getað kynnst að þau eru einmitt svona bráðabirgða verkefni í göturýminu sjálfu.

Þessi verkefni geta staðið yfir í nokkra mánuði eða skemmri tíma, vikur eða jafnvel daga og miða að því að breyta notkun rýmisins og efla þá möguleika sem fyrir eru. Þau hafa svo þann kost að af því að þau eru til bráðabirgða að þá er hægt að byggja frekar ofaná þau sem ganga vel, en síður þau sem að ekki slá í gegn, sem þó virðist vera regla frekar en undantekning þegar að þessi verkefni eru annars vegar.

Og nokkur slík verkefni voru í gangi í miðborginni síðasta sumar og voru alveg stór skemmtileg en nú á líka að fara með þetta í öll önnur hverfi. Hvernig er þetta gert. Það verða sem sagt skilgreindar fjárhæðir í hvert verkefni fyrir sig og fengnir starfshópar. Í fyrra voru sumir þessara hópa fengnir af atvinnuleysissskrá eða fengnir atvinnulausir námsmenn úr Listaháskólanum sem mjög góð reynsla var af raunar. Hóparnir eiga sjálfir að sjá alfarið um hönnun og allt utan um hald vegna sinna svæða og kostnaður vegna vinnu, efnis og frágangs er innifalinn í þeirri fjárhæð sem ætluð er til viðkomandi svæðis á framkvæmdaáætlun.

Bstj. 3. maí 2011

Þetta eru samstarfsverkefni umhverfis- og samgöngusviðs, skipulags og byggingasviðs og framkvæmda- og eignasviðs og mikilvægt að verkefnisstjórar verkefnanna geti leitað til allra þessara sviða við framfylgd þeirra. Það er sérstaklega búið að búa þannig um hnútana að niðurstöðum þessara bráðabirgða verkefna verður safnað saman skipulega til þess að meta einmitt hvað gekk vel og hvað hefði mátt betur fara og fylgjast með nýtingu borgarbúa á svæðunum og hegðun þeirra. Raunar voru sum verkefnin í fyrra beinlínis slík rannsóknarverkefni, eins og verkefni 1. árs nema í arkitektúr í Listaháskólanum, sem ekki bara breyttu torgum og göngugötum í Miðborginni heldur gerðu líka könnun á því hvaða erindi fólk ætti í gegnum Lækjargötuna.

Nú, þá eru ótalin ýmis opin svæði sem að farið verður í á framkvæmdaáætlun. Stærsta verkefnið er hluti af 111 Reykjavík, þ.e.a.s. stúgurinn langi í Fellahverfinu sem verður mjög spennandi að sjá útfærsluna á. En það á líka að klára brú í Elliðaárdal við Rafveituheimilið. Gera stíga í Elliðaárdalnum. Gróðursetja víða og fara í ýmis verkefni sem tengjast útivistarsvæðunum í Nauthólsvík, Vatnsmýri, Vesturbærjarlaug, á Klambratúni þar sem að ýmsar hugmyndir hafa verið settar fram. Í Gufunesi, í kringum Fálkaborg að ógleymdri Öskjuhlíðinni þar sem umtalsvert fé verður notað til þess að efla Öskjuhlíðina sem útivistarsvæði. Í Vatnsmýrinni er nýkomið á samstarf við Háskóla Íslands og Norræna húsið um þau mál. En í Öskjuhlíðinni er samstarf við Skógræktarfélag Ísland og Háskólann í Reykjavík og mikill metnaður á báðum stöðum í tengslum við þetta.

Og hér hef ég þó aðeins stiklað á stóru varðandi verkefni sem tengjast leikvöllum, torgum og opnum svæðum. En vitanlega er líka verið að vinna að ýmsum skólalóðum að endurbættum og meiriháttar viðhaldi og átaksverkefnum sem tengjast sundlaugum og þau eru nú aldeilis útivistarsvæði okkar Reykvíkinga ekki síst á sumrin. Þannig að það er af mörgu að taka. Og þá er ónefnd sú stefnumótun, bæði sem er að baki og varðar þessi mál, en líka af því að hér nefndi ræðumaður leikvelli sérstaklega og hversu margir þeir ættu að vera. Að síðasta sumar var sett í gang undirbúningur að leikvallastefnu og niðurstöður úr þeim starfshópi eiga að liggja fyrir síðar í þessum mánuði ef mér skjátlást ekki. Þannig að ég held að margt af því sem beinlínis er lagt til hér í tillögunni er í gangi og það sem nefnt

Bstj. 3. maí 2011

var í framsöguræðu flutningsmanns um heildarstefnumótun hefur að einhverju leyti farið fram. En það er sjálfsagt að fara yfir það hvort að þar séu einhverjar gloppur. Og eins og fram kom í máli hans þá finnst mér eðlilegt að umhverfis- og samgöngusvið og umhverfis- og samgönguráð komi að því.

En það var svo borgarráð sem að setti af stað síðasta sumar, í sumarleyfi borgarstjórnar, leikvallastefnuna og fer auðvitað með framkvæmdamálin og þessa framkvæmdaáætlun og útfærslan á henni hefur einmitt verið að birtast okkur síðustu vikur og ýmsum nefndum og ráðum sem hafa fengið þetta til umfjöllunar, þannig að líklega ætti þetta heima bæði í borgarráði og í umhverfis- og samgönguráði. Og bara spurningin í hvaða röð og hvernig það væri best gert. Og ég held að ég leggi til, þannig að það sé eitthvert svona system á galskapnum, að við vísum þessu til borgarráðs sem að muni kalla eftir heildaryfirliti yfir öllu sem er verið að vinna hjá umhverfis- og samgönguráði eða beinum því til umhverfis- og samgönguráðs að taka þessi mál til umfjöllunar og gera borgarráði grein fyrir einhvers konar tillögu að málsmeðferð. En það er kannski svolítið grautarlegra. En ég velti því bara svona aðeins út í umræðuna og horfi hér til formanns umhverfis- og samgönguráðs hvort að hann hafi mjög sterkar skoðanir á bestu málsmeðferð í þessu efni.

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson lokið máli sínu. Næst tekur til máls borgarstjóri.

### 3. mál Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um endurbætur útvistarvæða

**Borgarstjóri Jón Gnarr:** Virðulegi forseti, ágæta borgarstjórn. Ég vil segja að ég fagna þessari tillögu um betri nýtingu á útvistarvæðunum. En ég tek undir með borgarfulltrúa Degi B. Eggertssyni að mér finnst tillagan mjög opin og það er náttúrulega gífurlega margt sem fellur undir útvistarvæði. En ég held að það sé markmið okkar allra sem hér sitjum að reyna að nýta öll tækifæri til ánægjulegrar útvistar eins og mögulegt er. En ég fagna því mjög að leita í ríkara mæli til íbúa með möguleika á hvernig við getum nýtt svæðið betur og aukið fjölbreytni.

Borgarfulltrúi Júlíus Vífill Ingvarsson kom í máli sínu áðan aðeins inn á húsverndarstefnu eða skort á húsverndarstefnu og á ákveðin hátt þá finnst mér það málefni líka tengjast þessari umræðu, vegna þess að það hefur jú líka með útvist að gera. Og nú bara þekki ég ekki alveg nógu vel stöðu Völundarverks og hver hún nákvæmlega er. En sú hugmynd hefur oft komið fram hvort ekki væri hægt að nýta þessi gömlu hús í Reykjavík á útvistarvæðum og það hefur verið til dæmis, verið til dæmis talað um kosti þess að vera með einhver gömul hús til dæmis í Hljómskálagarðinum, þar sem hægt væri að hafa einhverja starfsemi eins og veitingasölu. Það hefur verið talað um í því sambandi til dæmis húsið Norðurpóllinn sem nú stendur uppi á Höfða og að það mundi njóta sín vel í Hljómskálagarðinum.

En húsverndarstefna Reykjavíkur hefur verið svolítið skringileg og við höfum haft nokkra sérstöðu í þeim málum sem að hefur nú kannski aðallega falist í því að gömul hús eru rifin upp af grunni og farið með þau upp í Árbæ, á Árbæjarsafnið. Og þetta er að mörgu leyti mjög sérkennilegur siður. Mörgum þætti til dæmis einkennilegt ef hús Önnu Frank væri fjarlæggt úr Amsterdam flutt að landamærum Hollands og Belgíu og komið þar fyrir í Önnugarði, mörgum þætti það svolítið sérkennilegt. Og það er nú þannig að oft þegar að þessi hús hafa verið fjarlægð að þá hafa þau skilið eftir sár sem að verður svona hálfgerður brunareitur. Nýjasta dæmið er íþróttahús ÍR sem að var fjarlæggt af Túngötunni og þar stendur bara eftir girt malarplan. Síðan er annað hús á Túngötunni, Dillonshús, sem stóð hér á horni Túngötu og Suðurgötu, það var flutt og skildi eftir sig bílastæði. Þannig að ég tek

Bstj. 3. maí 2011

heilshugar undir það að mikilvægi þess að við mótum okkur húsverndarstefnu sem að gagnast auga og mannlífi. Og fagna þessari tillögu. Takk fyrir.

**Forseti:** Þá hefur borgarstjóri lokið máli sínu. Og óskar borgarfulltrúi Júlíus Vífill Ingvarsson eftir að veita andsvar við ræðu borgarstjóra.

### **3. mál Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um endurbætur útvistarsvæða**

**Júlíus Vífill Ingvarsson:** Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Það er nokkuð merkilegur siður Íslendinga að vera að færa hús alltaf til fram og til baka, en kannski ekki svo merkilegt. Vegna þess að það eru allar líkur á því að þegar Íslendingar fóru að flytja hingað frá Noregi þá tóku þeir húsin sín með sér, svona eins og tjöld og númeruðu þau og settu svo saman og settu upp hérna. Það gerðu þeir þegar að þeir fluttu til Grænlands. Þannig að við höfum kannski bara ágæta reynslu í þessu í gegnum árhundruðin að vera að þvælast með hús fram og til baka. Og þetta hefur verið gert auðvitað í langan tíma vegna þess einfaldlega að það hefur ekki verið um margt annað að velja og við verðum að nýta það sem við höfum.

Borgarstjórinn nefndi ÍR-húsið og þess vegna kom ég hér upp aðeins til þess að minnst á það. Það hús er náttúrulega orðið mjög fallett núna og er sögufrægt hús. En akkúrat þetta hús lagði ég nú bara til í borgarráði að færi inn í Hljómskálagarð og það væri þar hluti af ákveðnum kjarna og væri kannski fyrsta húsið í litlum kjarna húsa sem að þar mundu verða sett upp með tilliti til þess að auðga lífið í Hljómskálagarðinum. Og fyrir þessu var nú einhvern veginn ekki mikill mórall þá, en kannski hefur þetta breyst á þessum tíma og menn tilbúnir til þess að skoða þetta frekar, þó að ég sé nú ekki að leggja til að færa hús ofan af Árbæjarsafni og niður í Hljómskálagarðinn eða í aðra almenningagarða. Að þá engu að síður finnst mér ágætis hugmynd til að fara yfir að til dæmis Norðurpóllinn eða einhver önnur hús færu inn á opin svæði og í almenningagarða til þess að auðga lífið í gördunum en ekki til þess kannski að færa íbúabyggð beint inn í garðana og breyta því þannig.

Þannig að ég vil bara taka undir þetta með borgarstjóra, en engu að síður vil ég þó segja það að ég lýsi enn eftir húsverndarstefnu. Ég lýsi eftir skýrri afstöðu meirihlutans í húsverndarmálum. Það hefur verið algjörlega skýr stefna á undanförunum árum til húsverndar og í þann málaflokk hefur verið varið háum fjárhæðum til þess að vernda þau hús sem eru sérstaklega hér í miðborginni og ég óska eftir því að heyra frá meirihlutanum hvaða stefnu hann hefur í þeim málum.

Bstj. 3. maí 2011

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Júlíus Vífill Ingvarsson lokið við að veita andsvar við ræðu borgarstjóra. Næstur á mælendaskrá er borgarfulltrúi Hanna Birna Kristjánsdóttir.

### **3. mál Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um endurbætur útvistarsvæða**

**Hanna Birna Kristjánsdóttir:** Forseti, borgarfulltrúar. Örstutt vegna þeirrar umræðu sem að hér er um tillögu okkar borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um endurbætur útvistarsvæða, þá þakka ég viðtökurnar hvað það varðar. Ég held reyndar í máli formanns borgarráðs hafi komið fram eilítil misskilningur á eðli tillögunnar. Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi, sem væri ágætt að væri hér í salnum en látum það vera, fór í löngu máli yfir það að það væru til stefnur um einstaka svæði, það væru til stefnur um útvistarsvæði – grænu svæðin okkar. Hann fór jafnvel að tala um Lækjartorgið og Ingólfstorgið og allt þetta. Ég held að borgarfulltrúinn, ég veit ekki hvort að hann er meðvitað að gera það, en hann er allavega að misskilja inntak tillögunnar.

Tillagan gengur út á það að það sé hugað að því við þær aðstæður sem við nú búum við að fara í samstarf við hönnuði, arkitekta og íbúa, eins og það er nefnt hér og aðra aðila ef til þess kemur, þar sem að farið er í það að huga að því hvernig þessir aðilar geti lagt sitt af mörkum til þess að fegra nærumhverfi sitt og auka notagildi útvistarsvæðanna. Það er enginn að tala um það og ástandið er þannig og staðan, og ég hélt að við værum sammála um það, að þessar stefnur sem að borgarfulltrúinn vísaði til að við getum ekki innleitt þær við þessar aðstæður og við vitum það öll. Þetta gengur þess vegna út á það að í gegnum íbúasamráð og í gegnum svona sjálfbóðaliðastarf fái fólk tækifæri til þess að fegra sín eigin svæði.

Þannig að það var voða gaman að hlusta á ræðu borgarfulltrúans þar sem að hann rakti þessa stefnu og þessa sýn sem til er. Við erum ekki að leggja til að sú sýn verði aflögð eða að henni verði breytt. Það er verið að leggja til að verkefnið sé tekið föstum tókum í þeim tilgangi að huga að þeim svæðum – ég nefni dæmi eins og Fossvogsdalinn, Elliðaárdalinn, Hljómskálagarðinn og þessi grænu svæði sem við eigum. Hvort að með litlum tilkostnaði og með sjálfbóðaliðaframlagi og hugmyndum frá aðilum sem gleggst til þekkja sé hægt að gera hluti sem kosta lítið sem ekki neitt. Út á það gengur tillagan.

Bstj. 3. maí 2011

Og tillagan er, og ég vil nefna það hér eins og ég hef gert áður í þessum sal, hún er afsprengja af umræðuvettvangi sem við höldum úti á „facebook“ sem að gengur út á það að gefa fólki tækifæri til þess að koma með eigin hugmyndir. Og það er fullt, fullt af tillögum þar um mjög einfaldar lausnir til þess að bæta þessi útivistarsvæði okkar og bendi mönnum á að skoða það. Þannig að ég held að Dagur B. Eggertsson viljandi eða óviljandi sé að flækja málið mjög og ég legg til að menn sameinist um þetta góða verkefni og okkar hugmynd með því, og ég held að það sé ekki góð hugmynd að setja það eins og borgarfulltrúinn nefndi í málsmeðferðartillögu að vísa málinu í borgarráð til einhverrar frekari útfærslu.

Hér er verið að flækja einfaldan hlut. Langeðlilegast væri að samþykkja málið, vísa því til umhverfis- og samgönguráðs og fela embættismönnum þar eða ráðinu sjálfu að fara yfir það, og það þarf ekki nema stutta yfirlegu, þessi svæði og bjóða síðan fólki aðkomu að því að koma með hugmyndir um hvernig væri hægt að gera betur. Þannig að ég held að menn eigi ekki, nema að tilgangurinn sé bara sá, að meirihlutinn vilji ekki samþykkja tillögu frá minnihlutanum þá bara að segja það. En þessi langa leið sem Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi fór hérna í til þess að útskýra hvers vegna í raun og veru væri ekki hægt að samþykkja hana vegna þess að þetta væri til og þetta væri svo yfirgripsmikið, það er einhver meðvitaður eða ómeðvitaður misskilningur, bara til þess að útskýra það.

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Hanna Birna Kristjánsdóttir lokið máli sínu. Og Dagur B. Eggertsson óskar eftir að veita andsvar.

**3. mál Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um endurbætur útvistarsvæða**

**Dagur B. Eggertsson:** Forseti, ágæta borgarstjórn. Bara til að það misskiljist ekki. Ég var ekki að leggja til neina langa leið heldur var einfaldlega að benda á það að tillagan felur í sér aðgerðir sem þegar eru á framkvæmdaáætlun og hafa raunar verið útfærðar og brotið niðri á útvistarsvæði og þegar kynnt í umhverfis- og samgönguráði. Þann 26. apríl sl. voru þessi verkefni kynnt í umhverfis- og samgönguráði, sem eru á framkvæmdaáætlun ársins, fjölmörg verkefni sem að mörgu hvern einmitt byggja á því samráði sem þegar hefur átt sér stað til dæmis í tengslum við Klambratúnið og ýmis önnur útvistarsvæði. Þannig að hér var alls ekki verið að leggja til einhverja langa málsmeðferð eða yfirlegu, hún hefur þegar farið fram og þetta er á áætlun og við erum að fara í þetta núna á næstu vikum, þ.e.a.s. til framkvæmdar.

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson lokið við að veita andsvar. Þá svarar andsvari borgarfulltrúi Hanna Birna Kristjánsdóttir.

### **3. mál Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um endurbætur útvistarsvæða**

**Hanna Birna Kristjánsdóttir:** Forseti, borgarfulltrúar. Aftur finnst mér eins og borgarfulltrúinn sé í einhverjum leik til þess að reyna að misskilja. Það eru ekki lagðar til, borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson, neinar sérstakar tillögur í þessu. Þannig að tillögurnar geta ekki verið inni í tillögunni. Þegar að borgarfulltrúinn segir að allar þessar framkvæmdir eru á áætlun. Það eru ekki neinar ákveðnar framkvæmdir lagðar til þarna. Það er verið að leggja til samráð við íbúa um það hvort að þeir hafi áhuga á að koma að verkefnum á einstaka svæðum og mér er fullkunnugt um þær framkvæmdir sem eru á áætlun. Það er enginn að gera lítið úr því. Höldum því bara endilega áfram. Það sem við erum að leggja til er svipað verkefni og hefur verið í gangi víða um heim og nokkur verkefni hér í borg, þar sem að bara er verið að gefa fólki tækifæri á að koma með hugmyndir um sín svæði og jafnvel halda utan um þau sjálf. Þannig að ég skil ekki alveg hvernig annað útilokar hitt. Og það eru engar, þegar að borgarfulltrúinn sagði að þær framkvæmdir sem vísað er til hér eru á áætlun og verða framkvæmdar á næstu vikum. Það eru engar ákveðnar framkvæmdir inni í þessu. Það getur vel verið að útúr þessu komi nokkrir bekkir í Fossvogsdal, eða það getur vel verið að útúr þessu komi nokkur leiktæki á ákveðnum stað. Við vitum það ekki nákvæmlega, það eru engar tiltekna framkvæmdir þara inni.

Það er verið að biðja um að það sé farið í þessa tilraun sem er ákveðin vegferð með aðilum sem hafa áhuga á svona verkefnum, borgarbúum hönnuðum, arkitektum eða hverjum svo sem er og við erum að leggja til að það sé sett í ákveðin farveg, en það eru engar ákveðnar framkvæmdir þarna inni. Þannig að ég held aftur að borgarfulltrúinn sé og ég vil ekki meina að hann sé að gera það meðvitað, en ómeðvitað er borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson einhvern veginn að horfa á þetta einhvern veginn allt öðruvísi en við.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Hanna Birna Kristjánsdóttir hefur svarað andsvari. Og borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson veitir andsvar öðru sinni.

**3. mál Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um endurbætur útvistarsvæða**

**Dagur B. Eggertsson:** Forseti, ágæta borgarstjórn. Það sem ég var einfaldlega að benda á og ætti ekkert að þurfa að misskiljast var að það sem tillagan felur í sér, þ.e.a.s. samstarf við hönnuði, arkitekta og hérna ýmsa hugmyndasmiði hefur farið fram og mun fara fram í tengslum við framkvæmdaáætlun og útfærslu hennar núna í sumar. Það sem ég hefði getað nefnt líka og kom út úr í raun umræðu um íbúalýðræði og lýðræðismál í stjórnkerfisnefnd í haust var að hverfaráðin eru í sérstöku í raun tilraunaverkefni varðandi útteilingu hverfapotta til framkvæmda og öll hafa þau gert það í samráði við íbúa hvert í sínu hverfi og þau verkefni liggja líka fyrir. Þannig að samráðið er mjög margt og margvíslegt, sem þegar er að baki. Og ef ég á að skilja borgarfulltrúan þannig að það sé verið að leggja til að haldið verði áfram á þeirri braut varðandi framkvæmdaáætlun næsta árs að þá er það bara prýðileg hugmynd. En fyrir framkvæmdaáætlun þessa árs liggja fyrir tugir verkefna sem byggja á samráði, byggja á hugmyndum hönnuða, arkitekta, hugmyndasmiða og íbúanna og hverfisráðanna og nú á að fara í þær framkvæmdir.

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson lokið við að veita andsvar öðru sinni. Þá svarar andsvari borgarfulltrúi Hanna Birna Kristjánsdóttir.

### **3. mál Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um endurbætur útvistarsvæða**

**Hanna Birna Kristjánsdóttir:** Forseti, borgarfulltrúar. Aftur skil ég ekki umræðuna. Nú er þetta allt í einu orðið þannig, áðan var þetta frekar flókið og óskiljanlegt, nú er þetta allt í einu þannig að það er verið að framkvæma þetta allt og þetta er allt í farvegi og það eru allar hugmyndir sem að mögulega eru þarna undir felltinu, þær eru komnar og þær fara til framkvæmda. Ef þetta er þannig eins og borgarfulltrúinn útskýrði í síðustu ræðu sinni nú þá fellir meirihlutinn auðvitað tillöguna eða vísar henni frá. En borgarfulltrúinn lagði til hér áðan sjálfur og bað um álit okkar á því að annaðhvort færi málið inn í borgarráð eða inn í umhverfis- og samgönguráð. En nú er þetta allt í farvegi og allt í raun og veru búið og þá bara fellir meirihlutinn tillöguna eða vísar henni frá.

Mér finnst þetta allt lykta af því, borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson, að hér er á ferðinni ljómandi góð tillaga, mjög ábyrg tillaga af hálfu minnihlutans til þess að setja ákveðin verkefni í farveg og vonandi skilar það einhverju. Vonandi skilar það góðum hlutum fyrir útvistarsvæðin okkar og þá er það einhvern veginn allt löngu búið eða einhvern veginn svo flókið að það er ekki hægt að samþykkja það. Og þá er bara eins og ég segi, þá er ekkert annað að gera heldur en að vísa tillögunni frá eða fella hana. En mér finnst þetta vera einhvern veginn bara verið að flækja hlutina til þess að þurfa ekki að samþykkja þá. En þá er það bara afgreiðsla sem hér á sér stað.

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Hanna Birna Kristjánsdóttir lokið við að veita andsvar öðru sinni. Næstur á mælendaskrá er borgarfulltrúi Karl Sigurðsson.

### **3. mál Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um endurbætur útvistarsvæða**

**Karl Sigurðsson:** Virðulegi forseti, ágæta borgarstjórn. Mig langar til að byrja ræðu mína á að óska nýkjörnum forseta innilega til hamingju með embættið og nýkjörnum öðrum varaforseta borgarstjórnar og þakka fráfarandi forseta og varaforseta fyrir sín góðu störf á undanfögnu tæpu ári. Næst á dagskrá langar mig til að þakka borgarfulltrúa Gísla Marteini Baldurssyni fyrir þessa ágætu tillögu og þann góða áhuga sem hún sýnir á útvistarsvæðum borgarinnar. Nú, það eru mörg útvistarsvæðin í borginni og svona að óathuguðu máli hef ég nú haldið að það að fá arkitekta og hönnuði í málið eins og kemur fram í tillögunni mundi telja í milljónum. En það er tekið fram í greinargerð að verkið þurfi ekki að vera kostnaðarsamt og það má vera og ég held að það geti vel passað og það er nauðsynlegt að vinna verk eins og þetta í góðri samvinnu við fagfólk, líka íbúa borgarinnar og held ég að hverfaráðin muni koma sterk þar inn.

Nú, borgarfulltrúi Gísli Marteinn Baldursson benti á að menn mundu sennilega rjúka hér upp í pontu, sem ég er að gera núna og síðan eru liðnar nú nokkrar ræður og aðeins búið að fara yfir málið. Ég held að borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hafi nú farið ansi vel yfir þau verkefni sem eru komin til framkvæmda, þau sem eru á framkvæmdaáætlun og önnur verkefni sem að má telja upp sem að eru kannski meira stefnumótandi og ekki endilega komin til framkvæmda. Og síðan spannst hérna heilmikil umræða um hvað ætti að gera við tillöguna. Nú, borgarfulltrúi Gísli Marteinn Baldursson stakk upp á að henni yrði vísað til umhverfisráðs svo að ég gefi svona smá endursögn af því sem að hefur farið hérna fram. Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson stakk upp á að henni yrði vísað til borgarráðs og borgarfulltrúi Hanna Birna Kristjánsdóttir benti á að það væri alveg mögulegt að fella hana.

Það er nú eitthvað sem mér hugast nú engan veginn. Mér sýnist þetta vera ágætis tillaga sem að er sjálfsagt að skoða betur. Ég velti því fyrir mér hvort að málsmeðferðartillaga sem gæti verið einhvers konar málamiðlun, allavega svo við séum ekki bara einhvern veginn að fella þetta að óathuguðu máli heldur taka þetta til góðrar skoðunar. Hvort að viðstöddum hugnist að vísa tillögunni til umsagnar

Bstj. 3. maí 2011

umhverfis- og samgönguráðs og síðan áframhaldandi meðferðar borgarráðs. Þannig að þetta er sú hugmynd sem að mér dettur helst í hug sem málsmeðferð. Takk fyrir.

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Karl Sigurðsson lokið máli sínu. Og óskar borgarfulltrúi Gísli Marteinn Baldursson eftir því að veita andsvar.

### **3. mál Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um endurbætur útvistarvæða**

**Gísli Marteinn Baldursson:** Ágæti forseti og borgarstjórn. Ég kem hér upp í rauninni til þess að þakka góðar viðtökur við þessari tillögu. Þetta er held ég mjög góð tillaga og það er gott að heyra að formaður umhverfis- og samgönguráðs sér í henni bara möguleik og góðar hliðar. Ég held að við þurfum ekki að hafa svo miklar áhyggjur af kostnaði. Við höfum nokkur dæmi í borginni þar sem að íbúar hafa einmitt tekið sig saman sjálfir og einfaldlega fengið arkitekta úr hverfinu eða nálægt gördum eða leiksvæðum til þess að koma og taka þátt í einhverri vinnu og menn eru þá tilbúnir til þess að leggja eitthvað á sig fyrir samfélagið algjörlega ókeypis. Og það er auðvitað það sem að er ideal-staða og væri best ef við næðum fram í þessu, að við fengjum hönnuði, arkitekta eða hugmyndasmiði til þess að koma að svona verkefnum af því að þá langar það. En síðan á auðvitað borgin fjöldann allan af arkitektum og landslagsarkitektum og kunnáttufólki sem að getur aðstoðað við þetta líka, þó svo það sé ekki ókeypis algjörlega því að þetta er launafólk hjá okkur. Þá er nú staðan samt sem áður sú hérna í kerfinu kannski að við höfum ekki verið að segja upp fólki, en verkefnunum hefur fækkað. Þannig að við ættum að hafa lausa stund hjá þessu góða fagfólki okkar til þess að leggja þarna gjörva hönd á plóg.

Og annars líst mér vel á það hjá formanni umhverfis- og samgönguráðs að tillögunni verði vísað þangað og ég hugsa nú einfaldlega út frá fundarsköpum að þá getum við kannski ekki lagt til að þessu sé vísað þangað og svo eitthvað annað. Þannig að ég mundi nú bara halda að umhverfis- og samgönguráð meti það þá hvort að tillagan þurfi að fara eitthvert lengra. Að þessu sé bara vísað til umhverfis- og samgönguráðs og svo er það auðvitað þannig að ef að það þarf að gera eitthvað meira, að umhverfis- og samgönguráð tæki þá saman eins og borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson lagði til, tæki saman hvaða verkefni væru í gangi, hversu langt þau væru komin. Og síðan ef að þyrfti til dæmis að sameina einhverjar nefndir eða eitthvað slíkt eða vinnuhópa sem eru skipaðir af borgarráði, þá færi það auðvitað þangað eðli málsins samkvæmt. En ég myndi styðja það að þessu væri vísað til umhverfis- og samgönguráðs og við mundum þá sameinast um það að koma þessu á jákvæðan hátt í einhvern farveg.

Bstj. 3. maí 2011

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Gísli Marteinn Baldursson lokið við að veita andsvar við ræðu Karls Sigurðssonar borgarfulltrúa. Þá óskar borgarfulltrúi Karl Sigurðsson eftir því að veita svar við andsvari borgarfulltrúa Gísla Marteins Baldurssonar.

**3. mál Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um endurbætur útvistarsvæða**

**Karl Sigurðsson:** Virðulegi forseti, ágæta borgarstjórn. Þarna varð mér kannski ef til vill á í messunni, af því að eins og borgarfulltrúi Gísli Marteinn Baldursson benti mér og á og sömuleiðis mér lögfróðara fólk sem að situr hér, þá er það ekki lögleg málsmeðferð að vísa og láta vísa í framhaldi máli á þennan hátt. Þannig að í rauninni neyðist ég til að orða tillöguna einfaldlega þannig; að henni verði vísað til umsagnar umhverfis- og samgönguráðs og ég reikna þá með miðað við allavega tóninn í bæði sjálfum mér og borgarfulltrúa Gísla Marteins Baldurssonar sem situr í umhverfis- og samgönguráði, að það muni þá enda á einhvers konar samantekt á þeim verkum sem þegar er í gangi og því verði síðan vísað til nánari útfærslu í borgarráði. Og ég reikna með að við munum vinna ötullega saman að þeirri umsögn og þeirri vinnu. Þannig að málsmeðferðartillagan hljóðar sem svo:

Að tillögunni verði vísað til umsagnar umhverfis- og samgönguráðs. Takk fyrir.

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Karl Sigurðsson lokið við að svara andsvari. Og forseti ber nú upp framkomna málsmeðferðartillögu, um að tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks verði vísað. [Frammícall] Heyrðu, ég biðst afsökunar á því. Næst á mælendaskrá, fyrirgefið þið, er borgarfulltrúi Hanna Birna Kristjánsdóttir.

### **3. mál Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um endurbætur útvistarsvæða**

**Hanna Birna Kristjánsdóttir:** Forseti, borgarfulltrúar. Það var bara einungis örstutt. Ég fagna því með hvaða hætti Karl Sigurðsson formaður umhverfis- og samgönguráðs hyggst taka á málinu. Ég held að hans tillaga um málsmeðferð sé góð. Ég velti því hins vegar bara fyrir mér til þess að við séum öll á sama stað varðandi það, vegna þess að við gerum ekki ráð fyrir því að þessi tillaga kalli á mikil útgjöld, en vegna þess að við getum ekki fært hana eins og borgarfulltrúinn sjálfur bendir á að við getum ekki vísað henni á tvo staði. En við getum auðvitað annaðhvort bókað þannig eða haft það allavega sameiginlegan skilning borgarstjórnar, að kalli tillagan á aukin útgjöld þá fari hún fyrir borgarráð.

En henni sé sem sagt vísað til meðferðar umhverfis- og samgönguráðs. En það sé sameiginlegur skilningur okkar að það eigi ekki að kalla á aukin útgjöld enda þyrfti hún þá að koma til borgarráðs með einhverjum hætti ef hún kallaði á auka útgjöld. En ég vildi fyrst og síðast fagna þessari málsmeðferðartillögu og ég held að hún sér skynsamleg og ég vonast til þess að þessi tillaga geti fætt af sér góða hluti og kennt okkur aðeins þær aðferðir sem mjög margar nágrannarþjóðir okkar og borgir nýta, sem að felst í þessu sjálfbóðaliðastarfi jafnvel af hálfu þeirra sem annars mundu taka talsvert hátt tímakaup. Sumar fagstéttir vinna í sjálfbóðaliðastarfi fyrir hverfið sitt eða umhverfið sitt án þess að taka fyrir það hefðbundin laun.

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Hanna Birna Kristjánsdóttir lokið máli sínu. Forseti ber nú upp framkomna málsferðartillögu um að tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks verði vísað til umhverfis- og samgönguráðs. Þeir sem samþykkja vilja framkoma tillögu um að vísa tillögunni til umhverfis- og samgöngu gefi merki. Tillagan er samþykkt með 15 samhljóða atkvæðum. Þá erum við komin að 4. lið á dagskrá og það er tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að minnst þess að 25 ár eru liðin frá leiðtogafundinum í Höfða. Og tekur til máls málshefjandi borgarfulltrúi Kjartan Magnússon.